

Umsögn um efnagreiningu á vatni úr borholu
1 í Litla Laugardal, Tálknafjarðarhreppi

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-87-02

UMSÖGN UM EFNAGREININGU Á VATNI ÚR BORHOLU 1 Í LITLA LAUGARDAL,
TÁLKNAF JARÐARHREPPI

Nokkrar efnagreiningar eru til úr þessari holu frá 1977-1980. Vatnið virðist mjög nálægt því að vera í efnajafnvægi við u.þ.b. 45°C, sem er nánast mældur hiti. Það er mettað af súrefni, sem er óvenjulegt með borholuvatn af þessum hita. Styrkur O₂ hefur mælst um 6 mg/kg 1978. Súrefni var ekki mælt í síðasta sýni sem tekið var 1980. Með svona háan styrk af súrefni í vatninu er veruleg hættu á tæringu stáls í pípum og snertiflötum öllum.

Ég get ekki séð nein sérstök vandkvæði önnur við nýtingu vatnsins í varmadælu. Við upphitun þess verður það yfirmettað af kalki, en ekki svo mikið að ég telji hættu á kalkútfellingu verulega í vatni sem er jafn efnasnautt og þetta. Hins vegar ber þess að gæta að nýjasta sýnið er frá 1980 og er það rúmlega 46°C heitt. Engin súrefnismæling er til af vatni úr holunni síðan 1978.

Vitað er að með auknu rennsli kólnar vatnið niður undir 30°C vegna aukins innstreymis af kaldara vatni. Engin greining er til af kaldara vatni en 41°C. Því er eindregið mælt með að láta gera nýjar efnagreiningar af vatninu. Tekin yrðu þá 2-3 sýni við mismunandi rennslis-skilyrði. Senda þarf mann frá OS til að taka sýnin, þar sem mæla þarf súrefni og önnur rokgjörn efni á staðnum

Hrefna Kristmannsdóttir